

Nd.

304. Frumvarp til laga

[131. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Stokkseyrarhreppi land jarðanna Stokkseyri I—III ásamt með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu allt land jarðanna Stokkseyri I—III og eignarhluta sinn í eftirtöldum hjáleigum og grasbýlum: Kaðlastöðum, Grímsfjósum, Ranakoti, Eystri-Móhúsum, Starkaðarhúsum, Símonarhúsi, Roðgúl, Gerði, Vestra-Íragerði, Eystra-Íragerði, Hellukoti, Vestri-Rauðárhóli, Eystri-Rauðárhóli, Nirði og Hóli.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Árnessýslu oddamann. Þó skal Stokkseyrarhreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

Andvirði landsins skal Stokkseyrarhreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Stokkseyrarhreppi var gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er hreppsnefndinni að selja öðrum land eða lóðir úr jörðum þessum.

2. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.